



**245. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 18. janúar 2016, kl. 14:30.**

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð vegna fundar SOS og Sorpu þann 8. janúar s.l.**  
Fundargerðin var lögð fram.
- 2. Nessandur, næstu skref.**  
Stjórn Sorpstöðvar skipar Jón G. Valgeirsson og Ástu Stefánsdóttur til setu í starfshópi sem stofnaður verði til að vinna að undirbúningi athugunar á möguleikum á meðhöndlun úrgangs á Nessandi. Óskað er eftir að Sveitarfélagið Ölfus tilnefni tvo aðila til setu í hópnum. Sorpa mun tilnefna fulltrúa til setu í hópnum. Gert er ráð fyrir að hópurinn hafi lokið störfum fyrir 1. júní n.k.
- 3. Flokkun sorps á Suðurlandi, framtíðin og flokkunarmöguleikar.**  
Frestað til næsta fundar.
- 4. Greiningarvinna SASS fyrir SOS.**  
Farið var yfir þau gögn sem liggja fyrir. Bjarni Guðmundsson og Sólveig Ragnarsdóttir komu inn á fundinn.
- 5. Tilboð í endurskoðun fyrir SOS.**  
Samþykkt var að taka tilboði PwC um endurskoðun fyrir Sorpstöðina.
- 6. Orkugerðin.**  
Farið var yfir stöðu mála hjá Orkugerðinni.
- 7. Önnur mál.**
  - a) Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16:00.